



**Samantekt  
Umhverfisstofnunar  
um bráðamengun  
árið 2017**

## Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2017 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2017 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi einnig borist tilkynning um óhappið. Þá er í þessari samantekt umfjöllun um skýrslur um bráðamengun sem hafnir skulu skila árlega til Umhverfisstofnunar samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

## Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA – Siglingaöryggisstofnun Evrópu

HAUST – Heilbrigðiseftirlit Austurlands

HES – Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

LHG – Landhelgisgæsla Íslands

ODR – Olíudreifing

SGS - Samgöngustofa

UST – Umhverfisstofnun



## Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi árið 2017

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
22. ágúst	Ánanaust	UST berst ábending um olíumengun á bílastæði gegnt skólþælustöð í Ánanaustum í Reykjavík.	Ábendingin var áframsend til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, sbr. ákvæði brunalaga og laga nr. 33/2004.
13. júlí	Akranes	Við útskipun á úrgangsolíu frá olíubirgðastöðinni á Akranesi kom upp leki á löndunarlögn (lekur tappi á lögninni).	ODR brást við með aðgerðum. Engin mengun í sjó.

## Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða árið 2017

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
5. febrúar	Seyðisfjarðarhöfn	Trillan Sjöfn/5591 sökk í smábátahöfninni. Lítið magn olíu fór í sjóinn og myndaði þunnan flekk í kringum trilluna.	Dreifiefni notað til að dreifa olíunni.
20. febrúar	Grundartangahöfn	Háþrýstislanga á gámalyftara gaf sig og talsvert magn af háþrýstivökva komst í niðurfall.	Svæðið hreinsað skv. aðgerðaráætlun en ekki tókst að loka niðurföllum í tæka tíð og koma í veg fyrir að vökvi bærast út í sjó.
10. mars	Neskaupstaður	Kvartanir bárust til HAUST um grútarmengun í Neskaupstað og barst UST tilkynning um mengunina frá HAUST eftir skoðun á vettvangi.	Grútarmengun í fjörum, aðallega við netagerðina en líka við hafnarskemmu og víðar í firðinum.
16. júní	Akureyrarhöfn	UST barst tilkynning frá íbúa á Akureyri um olíumengun í smábátahöfninni (við Hof).	Hafnarstarfsmaður skoðaði aðstæður við höfnina. Um óverulegt magn af olíu að ræða og því ekki talin ástæða til að bregðast við.
21. júní	Grundartangahöfn	Glussaslanga á hafnarkrana sprakk og glussi lak niður í svokallaða kapalrennu.	Glussinn hélst inni á afmörkuðu svæði og fór ekki í sjóinn. Kallað strax á bíl til að soga glussann upp og svæðið þrifið með sápu efni sem síðan var sogað upp.
23. ágúst	Seyðisfjarðarhöfn	Þunn olíubræk í fjörum innan og utan við Vestdalseyri.	Ekki talin ástæða til aðgerða. Eina færa aðgerðin talin vera sú að nota felliefni en það hefði neikvæð áhrif á botngróður. Olían líklega frá El Grillo.



29. ágúst	Norðurfjörður	Báturinn Eyjólfur Ólafsson brann og sökk í höfninni í Norðurfirði.	Óskað eftir aðstoð UST vegna málsins en eftir vettvangs-skoðun oddvita var beiðnin afturkölluð. Engin olíumengun sjáanleg. Tryggingafélag sá um að ná bátnum af hafsbotni.
31. ágúst	Reykjavíkurhöfn	Olíubrák í gömlu höfninni. Óhapp varð við smíði og lengingu á göngubryggju og fóru niður um 10 L af glussa frá hjólagröfu.	Verktaki tók upp mölina og lét farga á viðurkenndum urðunarstað. Sápu sprautað þar sem glussinn fór niður í grjótgarð til að flýta fyrir niðurbroti.
11. okt.	Stöðvarfjarðarhöfn	Olía lak í höfnina frá skipi vegna dælingar á milli tanka.	Olíuna rak inn í horn bryggjunnar og var hægt að ná utan um hana með ísogspylsum og síðan dæla upp með dælubíl.
3. okt.	Helguvíkurhöfn	Um 30-100L af eldsneyti fóru í höfnina þegar dælt var undan tanki á hafnarsvæðinu.	Hreinsiefni úðað yfir mengað svæði.

## Tilkynningar um bráðamengun utan hafnarsvæða árið 2017

6. mars	Olíuflekkur suður af Kirkjuhóli.	Við eftirlisflug þyrlu LHG sást flekkur sem hugsanlega var talinn vera olíuflekkur. Ekki sást olíubrák á haffletinum, heldur dökkt þykkildi sem náði ekki upp í hafflötinn.	Við nánari skoðun talið að um náttúrulegt fyrirbæri væri að ræða. Engin umferð skipa eða báta á svæðinu.
17. mars	Við Reynisfjöru	Tilkynningar bárust til LHG um olíublautar langvíur, annars vegar rétt vestan við Reynisfjöru og hins vegar rétt vestan við Landeyjahöfn.	Þyrla LHG send á vettvang en engin olíumengun sást. Þétt loðnutorfa gæti hafa verið uppruni olíunnar.
5. júlí	Olíuflekkur við Eldey	Við eftirlitsflug varð þyrla LHG vör við olíuflekk við Eldey.	Skýrsla tekin af skipi.
19. júlí	Olíumengun í Grafarlæk og Grafarvogi	Olíumengun barst niður Grafarlæk og niður í Grafarvog.	Slökkvilið setti ísogspylsur í lækinn. HES greip til frekari hreinsunaraðgerða í samráði við UST og fulltrúa frá ODR. Upptök mengunarinnar fundust ekki.
4. sept.	Gróttta	LHG barst tilkynning um olíublauta fugla á ströndinni við Gróttu á Seltjarnarnesi.	Starfsmenn UST skoðuðu aðstæður á vettvangi en urðu hvorki varir við olíumengun né olíublauta fugla.



## Tilkynning um strand skipa/báta árið 2017

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
27. des.	Austan við Skoreyjar	Strand bátsins Austra/6275 austan við Skoreyjar.	Það tókst að ná bátnum af skerinu og var hann dreginn til hafnar í Stykkishólmi.

## Aðrir atburðir skráðir hjá Landhelgisgæslu Íslands

Auk þeirra atburða sem getið er um hér að framan voru nokkrir atburðir tilkynntir til Landhelgisgæslu Íslands og fylgdist LHG með aðgerðum. Er þar um að ræða strand báta eða atburði þar sem ekki var talin hætta á bráðamengun og Umhverfisstofnun því ekki tilkynnt um atburðinn.

Hvenær	Atburður	Athugasemdir
9. maí	Bátur strandar á Tindabykkjugrunni.	Engin sýnileg mengun.
6. júní	Bátur strandar við Kúagerði.	Engin sýnileg mengun.
18. júní	Bátur strandar á Breiðafirði.	Engin sýnileg mengun.
12. júlí.	Bátur strandar við Kaldbaksnef.	Engin sýnileg mengun.
21. júlí	Bátur strandar norður af Hvammstanga.	Engin sýnileg mengun.
23. júlí	Bátur strandar á Hörgárgrunni.	Engin sýnileg mengun.
1. ágúst	Bátur sekkur við Vogastapa.	Engin sýnileg mengun.
31. ágúst	Bátar stranda í Hveravík.	Engin sýnileg mengun.
10. október	Bátur strandar við Vestmannaeyjar.	Engin sýnileg mengun.

## Skýrslur hafna um bráðamengun

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda skulu hafnir fyrir 1. mars ár hvert skila til Umhverfisstofnunar, með afriti til mengunarvarnaráðs, uppfærðri viðbragðsáætlun og skýrslu um mengunarvarnaæfingar árið á undan, notkun mengunarvarnabúnaðar, mat á ástandi hans og þörf á endurnýjun, ásamt upplýsingum um bráðamengun sem orðið hefur í höfninni og hvernig við henni var brugðist. Skýrslu skal skilað rafrænt á eyðublaði sem Umhverfisstofnun leggur til. Eftirtaldir hafnir/sveitarfélög hafa skilað inn slíkri skýrslu til Umhverfisstofnunar fyrir árið 2017:

- Borgarfjarðarhreppur
- Breiðdalshreppur
- Dalvíkurbyggð
- Djúpavogshreppur



- Faxaflóahafnir
- Fjallabyggð
- Grundarfjarðarhöfn
- Hafnarfjarðarhöfn
- Hafnasamlag Norðurlands
- Hafnir Fjarðabyggðar
- Hafnir Snæfellsbæjar
- Hornafjarðarhöfn
- Langanesbyggð
- Olíudreifing ehf (vegna Miðsandshafnar og Litla-Sands)
- Seyðisfjarðarhöfn
- Snæfellsbær
- Sveitarfélagið Skagafjörður
- Sveitarfélagið Skagaströnd
- Tálknafjarðarhreppur
- Vestmannaeyjahöfn
- Vesturbyggð

Samkvæmt þeim skýrslum sem Umhverfisstofnun hafa borist er ljóst að ekki er í öllum tilvikum tilkynnt um bráðamengun innan hafnarsvæða til Umhverfisstofnunar eins og skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004, en yfirlitt hefur verið um minniháttar atvik að ræða.

## Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og UST þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengunar gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2017 var engin olíumengun staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenski mengunarlögsögu er að finna í skýrslu LHG (Annual Summary Report 2017) sem er aðgengileg á heimasíðu UST.

## Æfingar og þjálfun

Núgildandi aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa var undirrituð af forstjórum viðkomandi stofnana 3. september 2015. Aðgerðaáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.



Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumlaust verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við notkun skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepa eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær æfingar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Verkleg æfing var haldin um borð í varðskipinu Þór þann 16. maí 2017 og tóku starfsmenn frá Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Olíudreifingu þátt í æfingunni. Skrifborðsæfing var ekki haldin árið 2017.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar UST. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Eins og fram kemur hér að framan tóku starfsmenn Olíudreifingar þátt í æfingu um borð í Þór en þar var meðal annars unnið með mengunarvarnabúnað Umhverfisstofnunar. Auk þessa var mengunarvarnaæfing starfsmanna ODR haldin í Örfirisey þann 12. október 2017.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Haldin var skrifborðsæfing þann 14. febrúar 2017 til að reyna á virkni þeirrar áætlunar. Þá fór fram kennsla og æfing í notkun Tetra talstöðva þann 8. september 2017.

Samráðsfundir Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar voru haldnir 3. febrúar og 22. maí 2017.

## Innlent og erlent samstarf

### Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,
- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.



Skipað var í mengunarvarnaráð hafna í fyrsta sinn árið 2015 og var fyrsti fundur ráðsins haldinn 9. mars 2015. Haldinn var einn fundur í mengunarvarnaráði árið 2017.

Mengunarvarnaráð hafna hefur meðal annars samþykkt starfsreglur ráðsins og leiðbeiningar vegna viðbragðsáætlana hafna. Í samráði við ráðið er unnið að verkefni sem Umhverfisstofnun leiðir sem felst í að meta þörf á uppbyggingu og endurnýjun mengunarvarnabúnaðar í höfnum landsins. Ákveðið var að hefja vinnu við verkefnið árið 2015, en sú vinna fór af stað árið 2016. Árið 2017 var verkfræðistofan Verkís fengin til að vinna að þessu verkefni og skilaði stofan skýrslu í nóvember 2017, *MENGUNARVARNARBÚNAÐUR Í HÖFNUM: Niðurstöður greiningarvinnu - Tiillögur að vali á kjarnahöfnum og búnaði*. Í framhaldi ákvað UST í samráði mengunarvarnaráð hafna að fá erlendan aðila til gera sjálfstætt áhættumat vegna mengunar og meta þörf fyrir uppbyggingu búnaðar, viðhalds og æfinga í höfnum landsins.

## Kaupmannahafnarsamkomulag

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2017.

Ísland var ásamt Noregi, Svíþjóð og Danmörku umsækjandi að styrk til Evrópusambandsins vegna fyrirhugaðrar mengunarvarnaæfingar á vegum Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2017 (SCOPE 2017). Undirbúningur SCOPE 2017 æfingarinnar var formlega settur í gang á fundi í Brussel í janúar 2017, þar sem fulltrúar landanna (CPT-Core Planning Team) komu saman með fulltrúa styrkveitanda frá stjórnsviði mannúðaraðstoðar og almannaþjónu hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (DG-ECHO). Haldnar voru þrjár undirbúningsráðstefnur vegna æfingarinnar en æfingin sjálf fór fram í þriðju viku september. Norska strandgæslan hélt utan um og bar ábyrgð á skipulagningu æfingarinnar.

Þátttakendur voru samtals hátt í 500 manns, þar af um 100 áhorfendur, og við æfinguna voru notaðar tvær flugvélar, 18 skip, þyrla og þrjú flygildi. Unnið var eftir fimm sviðsmyndum, þ.e.:

- Efnamengun á sjó (Chem Sea)
- Olíumengun á sjó (Oil Sea)
- Olíumengun á landi (Oil Spill Shoreline)
- Stjórnstöð (Incident Command)
- Lögreglurannsókn (Police Investigation)

Samhliða verklegu æfingunni fóru fram skrifborðæfingar vegna neyðarhafna, endurgreiðslu kostnaðar vegna bráðamengunar og beiðna um aðstoð vegna bráðamengunar.

Þátttakendur frá Íslandi í Scope 2017 æfingunni voru Sigríður Kristinsdóttir, Kristín Kalmansdóttir og Helgi Jensson frá UST, Halldór Nellet frá LHG, Gestur Guðjónsson frá ODR (áhorfandi) og Halldór Zoëga frá SGS (áhorfandi).

## EPPR/MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparedness and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem





nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Ísland sótti fundi EPPR árið 2017, en árlega eru haldnir tveir fundir. Einnig tóku fulltrúar Íslands þátt í í skrifborðsæfingu á vegum MOSPA á árinu 2017.

Á vegum EPPR var árið 2017 haldin vinnustofa um áhættumat vegna bráðamengunar (EPPR scoping workshop on Risk Assessment methods and metadata). Vinnustofuna sóttu fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Samgöngustofu.